

## Fundur skólaráðs 15. nóvember 2017, kl. 16.00

Mætt voru: Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólastjóri, Sigurveig Önundardóttir fulltrúi kennara, Birgitta Friðfinnsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ingunn Halldórsdóttir, Guðrún María Brynjólfssdóttir og Klara Bjarnadóttir fulltrúar foreldra- og grenndarsamfélagsins, Tinna Dögg Siggeirsdóttir fulltrúi nemenda úr 9. Bekk og Vignir Berg Pálsson fulltrúi nemenda í 10. Bekk. Guðlaug Erlendsdóttir ritaði fundargerð.

Guðbjörg setti fundinn kl. 16:00 og bauð fundargesti velkomna.

### Dagskrá:

1. Kynning á skólaráði, helstu verkefnum og fulltrúum  
Guðbjörg fór yfir hlutverk og hvernig skipað er í skólaráð. Skipað er til tveggja ára í senn. Kynnt voru drög að starfsáætlun skólaráðs þar sem fram kemur að fjórir fundir verði haldnir á þessu skólaári, þ.e. í nóvember, janúar, mars og maí. Þetta fundarplan skólaráðs var samþykkt samhljóma. Var þó áréttað að ef upp kemur sú staða að einhver úr skólaráði telur þörf á að halda fund, þá verður skólaráðið kallað saman.
2. Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur.  
Guðbjörg kynnti starfsáætlun grunnskólans fyrir yfirstandandi skólaár. Fyrirspurn kom hvort það hafi verið til umræðu að stigin tvö á Ásabraut byrji ekki á sama tíma á morgnana. Ekki stendur til að breyta þessu og er talið betra fyrir skólasamfélagið að reyna að klára daginn frekar á sama tíma.  
Uppfæra þarf kaflann um Skólaráðið.  
Minnst á að Skólastefnan er á heimasíðu skólans, ásamt námsmati.  
Stundatöflur næsta skólaárs eru venjulega sendar heim að vori og verður svo einnig nú í vor.
3. Innra mat.  
Guðlaug kynnti helstu niðurstöður og þróunaráætlanir síðasta skólaárs.
4. Önnur mál  
Ekki voru mál tekin fyrir sem féllu undir þenna lið.

Fundi slitið kl: 17.00  
Guðlaug Erlendsdóttir